

Lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað.

82

Landshöfðinginn yfir Íslandi

gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, og samkvæmt frumvarpi, er samið hefir bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar, og hlutadeigandi amtmaður samþykkt, er hjermeð gefin út og sett eptirfylgjandi:

Lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað.

I. kafli.

Um reglu og velsæmi á götum.

1. gr.

Uppþot eða mannsöfnuður, sem raskar reglu eða tálmar umferð á götu, vegi eða svæði, sem eru til almenningsafnota, má ekki eiga sjer stað.

Þegar fjölmenni safnast saman á götum, vegum eða strætum, sem almenningur fer um, svo og við kirkjudyr og annara húsa, þar sem almenningur kemur saman, þá skulu menn haga sjer eptir fyrirmælum lögregluvaldsins til að varðveita góða reglu.

2. gr.

Á alfaravegi, stræti eða svæði má eigi fljúgast á, æpa, blístra, syngja hátt eða hafa annan hávaða eða ofsalegt og móðgandi háttalag, sem raskar allsherjarreglu, eða ónáðar þá, sem um fara eða nálægt búa.

3. gr.

Enginn má að þarflausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða yfir höfuð hafast neitt það að, sem ónáðar húsbúendur.

4. gr.

Á götum, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, má eigi leika knattleik, pinnaleik, klink, ekki gjöra rennibrautir, renna sjer á skautum nje sleðum, eða hafa aðrar skemmtanir, sem tálma umferðinni.

5. gr.

Á eða yfir götur, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, má eigi skjóta með byssum, skambyssum, lyklabyssum, handbogum, lásbogum eða öðrum skotvopnum, ekki kveikja í púðri, skoteldum eða nokkurskonar sprengiefnum öðrum, og ekki kasta frá sjer glerbrotum, snjókögglum, torfi, óhreinindum, vatni eða neinu öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum fyrir þá, sem um slíka staði fara.

6. gr.

Það er bannað að sýna af sjer hneykslanlega hegðun á almannafæri,

82 svo sem með því að brúka þar ölæðislæti, eða vera ósjálfbjarga fyrir drykkju-
skap, einnig með því að viðhafa ósæmileg orð eða látbragð, ennfremur með því
að ganga í búningi, sem misbýður velsæmi, eða fletta sig klæðum, eða gjöra
þarfir sínar á hneykslanlegan hátt o. fl.

Þá menn, sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða á almannafæri með
hrópi, köllum eða á annan hátt, eða sýna af sjer óskunda, svo sem með högg-
um eða barsmíð, má setja í varðhald, ef þeir ekki skipast þegar í stað við
munnlega áminningu lögregluvaldsins, og skulu þeir sitja í varðhaldi þangað til
ölvíman er runnin af þeim.

7. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn við bryggjur eða annarsstaðar
svo nálægt landi að hneyksli valdi, eigi heldur nálægt skipum, sem á höfninni
leggja.

8. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur til að segja til nafns
síns og heimilis, þegar lögregluvaldið krefst þess.

9. gr.

Lögregluvaldið getur krafði sjer til aðstoðar sjerhvern fulltíða karlmann,
sem nálægt er, til að afstýra óspektum og annari óreglu á almannafæri, og hepta
þá, er slíku valda, og varðar það sektum samkvæmt samþykkt þessari, ef slíkri
áskorun ekki er sinnt.

Sjeu menn kvaddir til þess að flytja einhvern á fangahús, ber þeim 50
aurar í þóknun fyrir hvern tíma.

II. kafli.

Ákvarðanir, sem lúta að því, að gjöra alla umferð greiða og afstýra farartálma
og hættu fyrir umferðina,

10. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveykja á götuljóskerum bæjarins.

11. gr.

Án leyfis lögreglustjórans má enginn setjast að á götu, stræti eða svæði,
sem almenningur fer um, til að selja vöru eða reka aðra atvinnu, og sje slíkt
leyfi veitt, þá aðeins á þeim stað, og fyrir þann tíma, sem í leyfinu er tiltekið.

Án leyfis hlutaeigandi húsráðanda eða lóðareiganda má enginn láta
fyrirberast á umgirtum garðsvæðum eða á öðrum stöðum, þar sem inngengið er
í hús eða garða.

12. gr.

Á götum, stjettum, svæðum eða annarsstaðar á almannafæri má ekki

leggja eða setja neitt það, sem tálmar umferðinni, hvort heldur eru vörur eða annað; þó mega þeir, sem flytja að sjer vörur, eldivið, hey eða annað, og eigi geta lagt það frá sjer á eigin lóð, leggja þessa hluti frá sjer á svæðum og götum á meðan á flutningnum stendur, en ávalt skulu þeir lagðir svo, að þeir gjöri sem minnstan farartálma.

82

Vagnar, hjólbörur og sledar mega ekki standa á götum eða strætum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá og tæma, en aldrei mega þeir standa á stjettum, sem eingöngu eru ætlaðar gangandi mönnum.

13. gr.

Á götum, strætum eða svæðum, sem almenningur fer um, má eigi vinna neina vinnu, sem tálmar umferð manna eða gerir hana hættulega, t. a. m. telgja við, höggva grjót, járna hesta eða því um líkt. Á götum eða strætum má eigi heldur hrista gólfteppi, víðra sængurföt eða hengja föt til þerris eða þesskonar.

14. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eptirlit sje haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, meðan þau eru á götunum eða á almannafæri.

15. gr.

Pallar, stóðir og annar umbúnaður þess konar, sem notaður er við húsa-smíðar, og aðrar byggingar eða viðgjörðir á húsum, skal vera nægilega traustur. Lausir stigar, sem notaðir eru við endurbætur á húsum, málningu, glugga-þvott eða þesskonar, skulu vera forsvaranlega traustir.

Brot gegn þessari grein eru á ábyrgð þess, sem verkið annast, eða, ef hann er eigi tilgreindur, þá á ábyrgð húseigandans.

16. gr.

Nú er hús, eða hluti af húsi, svo hrörlegt, að bættu er búin, að það hrynni eða falli niður, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið, og lagt eiganda fyrir, að láta gera slíkar endurbætur á því, sem nauðsynlegar eru til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Auk þess getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gjört aðrar ráðstafanir í þessa átt.

Sama er, þegar grjótgördum, skíðgördum eða öðrum girðingum liggur við hruni eða falli.

17. gr.

Áhöld öll, sem notuð eru til þess, að hefja upp eða renna niður vörum úr húsum, sem liggja á almannafæri, skulu vara nægilega traust.

18. gr.

Stórt grjót, sem til tálmunar er skipum, bátum eða fyrirdráttum, eða annað þvílíkt, mega menn ekki láta liggja víðsvegar um fjöruna, heldur skulu þeir, sem það eiga, flytja það burtu eða saman eptir fyrirsögn lögreglustjóra.

Brunna, sem eru úti við götur eða á almannafæri, mega menn ekki skilja við opna.

Ef ís á Pollinum er ótryggur, getur lögreglustjóri að viðlögðum sektum, bannað að fara út á hann.

Enginn má höggva vakir á Pollinn nær landi en í beina línu frá melhorninu fyrir sunnan Krókeyraroddann, þar sem hann gengur lengst í austur og varða segir til, í stöng þá, sem sett er við ósinn á miðri Oddeyrinni, nema lögreglustjóri veiti leyfi til þess.

III. kafli.

Um reið og akstur á götunum, rekstur gripa og fjenaðar, um alifugla og hunda.

Á götum, strætum og stjettum mega lestamenn og aðrir ferðamenn ekki hafa hesta sína standandi, eða binda þá þar.

Á meðan lestamenn eða ferðamenn standa við í kaupstaðnum, skulu þeir hafa hesta sína í hestarjettunum. Sje eigi rúm í rjettunum, skal heimilt að hafa hestana utan við götubrautina, þar sem engin umferð er.

Þeir, sem ríða eða aka um göturnar, skulu viðhafa tilhlýðilega aðgæzlu, einkum er þeir fara fyrir götuhorn eða fram úr garðshliðum. Á götum og svæðum og annarsstaðar á almannafæri má eigi ríða eða aka harðara, en á hægu brokki, og skulu þeir, sem ríða eða aka, ef þörf gjörist, í tækau tíma gjöra aðvart mönnum, sem á undan þeim ganga.

Enginn má láta hesta sína ganga lausa um götur bæjarins, frekara en nauðsynlegt er til að reka þá í haga eða til vatns.

Sauðfjenaður bæjarmanna má ekki ganga laus á svæðinu fyrir austan beina línu vestan við túnin á Eyrarlandi og Hamarkoti, frekar en nauðsynlegt er, til að reka hann úr eða í haga eða til vatns.

Þeir, sem sauðfje eiga eða hafa undir hendi, skulu skyldir að annast samanrekstur á sauðfjenu vor og haust, reka fjed til afrjettar og gjöra gangna-skil að haustinu eptir fyrir mælum bæjarstjórnariunar.

Naut, sem farið er með um bæinn, skulu ávalt leidd í bandi, nægilega traustu, og tveir fullorðnir karlmenn að minnsta kosti fylgja hverju nauti. Ekki mega naut heldur standa úti gæzlulaus.

26. gr.

82

Um hrossarekstra og sauðfjárrekstra, sem koma til bæjarins til útflutnings eða slátrunar, getur lögreglustjóri gert þær fyrirskipanir, sem nauðsynlegar þykja til að afstýra farartálma eða hættu fyrir vegfarendur.

27. gr.

Hæns, gæsir og endur má eigi hafa í kaupstaðnum frá 1. júní til 31. ágúst; þó má hafa hæns, þar sem svo til hagar, að þau geta engan skaða gjört í gördum, eða þar sem lögreglustjóri leyfir.

28. gr.

Hunda þá, sem grimmir eru, eða hafa þann vana að áreita menn, og hræða með glepsi, urri og galti, ber eigendum að binda eða mýla forsvaranlega að viðlögðum sektum. Sama er um hunda, sem raska svefnfriði manna með galti eða spangóli á næturþeli.

29. gr.

Enginn má siga hundi á mann, nje láta farast fyrir að aptra hundi sínum, þegar hann verður var við, að hann ræðst á menn. Hver, sem brýtur á móti þessu, sæti sektum, þótt ekkert tjón hafi hlotizt af háttalagi hans.

30. gr.

Flækingshunda, en þar til teljast allir hundar, sem ekki eru eign eða á vegum kaupstaðarbúa, getur lögreglustjóri látið handsama og auglýsa, og, ef eigandinn ekki gefur sig fram innan 3 sólarhringa og greiðir áfallinn kostnað, má drepa slíka hunda.

IV. kafli.

Um friðun almenningseigna og einstakra manna.

31. gr.

Mannvirki og hluti, hverju nafni sem nefnast, er ætlaðir eru til almennra afnota, eða til prýðis á almannafæri, svo sem minnisvarða, vatnsból, götuljósker, nafna og töluspjöld á húsum og götum, trje og blómsturrinna, bekki, girðingar og annað þess háttar, má enginn skemma eða færa úr stað, ekki heldur ata eða saurga, rita eða rispa, tjarga eða mála eða teikna á þá, og þetta síðara á einnig við um þann hluta af húsum, múr og trjegirðingum, sem liggur á almanna færi.

32. gr.

Enginn má klifra uppá eða yfir eða skemma girðingar, sem settar eru fram með götum, strætum eða svæðum eða kringum tún og garða, hvar í landi bæjarins sem er.

V. kafli.

Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

33. gr.

Bæjarstjórnin ákveður nöfn á götum, og lætur festa upp nafnspjöld eða mála nöfnin á götuhornin, þar sem þurfa þykir.

34. gr.

Bæjarstjórnin ákveður, hvar uppfesta skuli auglýsingar frá yfirvöldunum, og skal á kostnað bæjarsjóðs útvega spjöld eða kassa í því skyni, eins mörg og þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, samsöngva, sýningar og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem vill með samþykki húsráðanda.

Aðrar auglýsingar má eigi festa upp nema með leyfi hlutadeigandi húsráðanda og lögreglustjóra, þó eru undanþegnar auglýsingar, sem snerta húsið sjálft eða íbúa þess.

35. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu teknar niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum.

Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rifa niður, saurga eða gjöra ólæsilegar á annan hátt.

VI. kafli.

Um veitingahús, skemmtistaði og almennar skemmtanir.

36. gr.

Hverjum þeim, sem hefir um hönd veitingasölu, hverskonar sem er, er skylt að gera það, sem í hans valdi stendur, til að afstýra því, að neitt það framfari í veitingahúsi hans, sem er á móti góðri reglu og velsæmi.

37. gr.

Á almennum veitingastað má enginn sýna af sjer ofsalegt atferli, eða hávaða, nje nokkra ósæmilega hegðun.

38. gr.

Unglingum yngri en 16 ára má eigi selja eða veita áfenga drykki.

39. gr.

Veitingahúsum öllum skal lokað kl. 11 á kveldin, og allir gestir, sem eigi hafa þar næturstað, skulu vera farnir út ekki seinna en kl. 11^{1/2}.

Samt skal fjelögum, sem lögreglustjóri þekkir, heimilt, að halda sam-

kvæmi og dansleiki eða aðrar skemmtanir á veitingahúsum, sem eigi sje bundnar við ádurnefndan tíma, ef eigi taka aðrir þátt í því, en fjelagsmenn og gestir þeirra. **82**

Ennfremur mega brúðkaup og önnur samsæti eða dansleikir tiltekinna manna standa fram yfir hinn tiltekna tíma.

40. gr.

Enginn má halda opinbera sjónleiki, nema með leyfi lögreglustjóra, og skal greiða 2—30 krónur, er renna í bæjarsjóð, fyrir leyfið. Þeir, sem leyfi þetta fá, skulu vera skyldir að hlíta þeim ákvörðunum, er lögreglustjóri setur um löggæzlu, og til að afstýra brunahættu, og greiða þann kostnað, er af því leiðir sbr. 43. gr.

41. gr.

Basar eða tombólu má eigi halda án leyfis amtmanns, og skal greiða 2—30 kr., er renna í bæjarsjóð, fyrir leyfið.

42. gr.

Enginn má halda opinbera samsöngva nje dansleiki nje heldur sýna myndir eða dýr nema með leyfi lögreglustjóra.

43. gr.

Þegar opinberar skemmtanir, hvers konar sem eru, eða leikir eru haldnir að kveldi dags, eða fram á nótt í húsum, sem enginn býr í, skulu þeir, sem standa fyrir slíku, láta einn eða tvo áreiðanlega menn hafa vörð í húsinu til morguns.

44. gr.

Eins og það leiðir af sjálfu sjer, að húseigendur eða húsráðendur geta bannað að sá, sem leyfi hefir fengið til að halda skemmtanir samkvæmt 40., 41. og 42. gr., noti það á þeirra lóð, svo er og hverjum einum, er sjúkling hefir á heimili sínu, heimilt að fá það bannað, að almennar skemmtanir, sem háreysti er að, sjeu hafðar svo nærri húsi hans, að hætta eða ónæði geti af því hlotizt.

VII. kafli.

Um almennt hreinlæti og þrifnað.

45. gr.

Til þess að hafa eptirlit með öllu því, sem lýtur að almennum þrifnaði í kaupstaðnum, og því, að reglum þeim, sem hjer koma, sje framfylgt, skal vera heilbrigðisnefnd; í henni eiga sæti sem sjálfkjörnir, bæjarfógeti og hjeraðslæknir, og einn maður, sem bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki.

46. gr.

Á götum bæjarins eða á almannafæri má eigi kasta hræjum, slógi, ösku, sorpi, skólpi eða nokkrum öðrum óhreinindum. Allt slíkt, svo og innýfli úr skepnum, sem eigi eru notuð, skal látið í grytjur þær, sem mykja og áburður er látinn í.

Skyldur er hver húsráðandi við götur bæjarins að láta sópa allan lausan hroða af götunni fyrir sinni lóð, þegar lögreglustjóri fyrirskipar.

Hey, svörð eða áburð eða annað þess konar, sem slæðist eða hrynur við flutning um göturnar, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa samdægurs.

Mold, leifar og rusl og verkefni, sem af húsbyggingum eða aðgjörð á húsi stafar, skal færa jafnóðum í burtu svo langt ofan í fjöru, að flóð taki út samdægurs.

Nú eru settar safngrytjur eða safnkassar á ýmsum stöðum í bænum, og eru menn þá skyldir til, ef bæjarstjórnin ákveður svo, að setja slor og annan fiskúrgang í safngrytjur eða safnkassa þessa, ef þeir eigi nota það sjálfir.

47. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt má eigi hafa í nánd við götur, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, nema í grytjum nægilega byrgðum, og skal þó til þess hafa leyfi heilbrigðisnefndarinnar, og mega þær ekki vera nær vatnsbólum en heilbrigðisnefndin ákveður. Salerni skal vera við hvert hús, þar sem heilbrigðisnefnd ákveður.

48. gr.

Á húshliðum eða göflum, sem vita að götum, strætum eða torgum, má ekki hengja, negla eða festa á annan hátt neinskonar fiskitöng nje annað, sem óþrifnaður er að, eða óþefur, og ekki má heldur hafa fiskitrönur á almannafæri.

49. gr.

Skepnum má eigi slátra á eða við götur bæjarins eða á almannafæri, heldur skal þetta gjört að húsabaki eða innan grinda eða á lokuðu svæði. Það er bannað að láta hunda koma á blóðvöllinn, þegar slátrað er sauðfjenaði. Brot á banni þessu er á ábyrgð hlutadeigandi lóðareiganda.

50. gr.

Í saurrennur, sem hafðar skulu við hvert íbúðarhús, má eigi kasta neinu því, sem óhollustu getur valdið eða stýflað upp rennurnar, nje heldur læki þá, sem renna um lóð kaupstaðarins, nje í kýlana og sýkin á Oddeyri.

51. gr.

Þeir, sem saurrennur hafa frá húsum sínum þvert yfir götu, stræti eða svæði, skulu hafa svo um búid, að lokræsi sje Saurrennur allar, hvort heldur

opnar eða lokaðar, skulu hreinsaðar að minnsta kosti fjórum sinnum á ári, eða optar, ef heilbrigðisnefndin finnur ástæðu til að fyrirskipa slíkt. 82

52. gr.

Lifrarbræðsla má eigi fram fara á lóð kaupstaðarins, nema þar sem heilbrigðisnefndin tilvísar.

Atvinna þessi skal standa undir sjerstakri tilsjón heilbrigðisnefndarinnar, og er sá, sem lifrarbræðsluna rekur, skyldur til að hlýða þeim fyrirskipunum lögreglustjóra og heilbrigðisnefndarinnar, sem lúta að því, að allur þrifnaður sje viðhafður og allri hættu afstýrt.

53. gr.

Stampa, opnar tunnur eða fót með lifur, grút eða áburð, má alls eigi hafa á almannafæri eða við götur og stræti bæjarins, eða neitt það annað, sem ódaun leggur af, eða er til óþrifnaðar.

54. gr.

Síldarverkun má aðeins fram fara í bakgörðum eða á afviknum svæðum, þó getur lögreglustjóri veitt leyfi til, að hún framfari annarsstaðar, en þó eigi á almenningfæri, nema þörf þyki til þess vera.

55. gr.

Ekkert hús eða herbergi í þeim má vera svo sett af mönnum, að heilbrigði þeirra sje hætta búin. Um hvort svo sje ákvarðar heilbrigðisnefndin.

56. gr.

Fiskverkun og fiskþurkun skal aðeins framfara á þeim svæðum, sem heilbrigðisnefndin ákveður til þess.

VIII. kafli.

Um allt eptirlit, sem lýtur að því að fyrirbyggja brunahættu og eldsvoða.

57. gr.

Kaupstaðarbúar skulu tvisvar á ári láta hreinsa reykháfa eða skorsteina í húsum sínum, fyrir miðjan apríl og miðjan október ár hvert.

58. gr.

Reykháfar skulu vera úr tígulsteini eða grjóti og kalklímdir, svo að þeir standi þannig gjörðir 1 alin upp úr húsmænum, en utan um má leggja borð.

59. gr.

Ofnar mega ekki vera nær timburvegg en 8 þuml., en ef nær eru, skal múrveggur hlaðinn bak við ofninn eða viðhafa blikk, eða sinkplötu festa á grind, þó eigi nær ofninum en 4 þuml.

60. gr.

Ef pípur úr eldavjelum eða ofnum eigi ganga í reykháfa, múraðar pípur

82 eða gegnum múrveggi, heldur upp um lopt, út um þil eða þak, skulu 2 þuml. vera milli pípu og viðar, en á því millibili skal hafa blikk eða sinkplötu og múrgrjót fest með kalki.

61. gr.

Ofnpípur skulu vera heilar, og skal þegar setja nýjar pípur, ef þær sem fyrir eru, eru farnar að slitna eða ganga svo af sjer, að hætt sje við að eldur eða neistar komist út um rifur eða göt.

62. gr.

Bæjarstjórnin skipar tvo tilsjónarmenn, sem skulu hafa eptirlit með, að þess sje gætt, sem fyrir er mælt að framan í 57.—61. gr.

Þeim skal veitt þóknun úr bæjarsjóði eptir því, sem nákvæmar verður tiltekið í erindsbrjefi, sem bæjarstjórnin útgefur handa þeim.

IX. kafli.

63. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir kaupstaðarlóðina í Akureyrarkaupstað eins og hún er ákveðin í 3. gr. laga nr. 34, 13. desbr. 1895, en annarsstaðar í kaupstaðnum skal henni því að eins beitt, að það sje berlega tekið fram í samþykkt þessari.

64. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 100 kr. Börn eldri en 10 ára og yngri en 15 ára skulu sæta vandarnöggum, ef þau hafa áður, eptir að þau voru orðin fullra 10 ára, gert sig seka í þessum brotum, eða gert eitthvað, sem ber vott um einstaka ónáttúru, þó eigi fleiri vandarnöggum en 15, eða sæta einföldu fangelsi allt að 8 dögum.

Ef kenna má yfirsjón, sem barn drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, sem ganga barninu í foreldra stað, skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en eigi barninu.

65. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni eða fyrirskipunum yfirvaldsins samkvæmt henni, má lögreglustjórinn láta gera þetta, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir sem hjer að lúta. Kostnaður við þetta, og yfir höfuð sá kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykktinni, greiðist af afbrotamanninum, og má taka þann kostnað lögtaki samkvæmt 1. gr. 5, laga 16. desember 1885, um lögtak og tjárnám án undanfarins dóms eða sáttar. Ef lögtakið reynist árangurslaust, greiðist kostnaðurinn úr bæjarsjóði.

66. gr.

Kostnaður sá, sem að öðru leyti leiðir af framkvæmd á samþykkt þessari og eigi verður krafinn af einstökum mönnum, greiðist úr bæjarsjóði.

82

67. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykktinni, skal fara með sem almenn lögreglumál og skulu allar sektir fyrir brot á henni renna í bæjarsjóð.

68. gr.

Samþykktin skal birt í B deild Stjórnartíðindanna og þar að auki prentuð sjerstaklega á kostnað bæjarins til útbýtingar meðal allra húsráðenda í kaupstaðnum.

69. gr.

Breytingar á samþykktinni og viðauka við hana skal gera á sama hátt, sem hina upprunalegu samþykkt.

70. gr.

Lögreglusamþykkt þessi öðlast gildi 1. oktbr. 1900, og fellur frá sama tíma úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað 28. marz 1891.

Reykjavík, 18. septbr. 1900.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

S k ý r s l a

83

um fund amtsráðsins í Suðuramtinu 25.—27. júní 1900.

Ár. 1900, 25. dag júnímán. var aðalfundur amtsráðsins í Suðuramtinu settur og haldinn í Reykjavík af forseta amtsráðsins, amtmanni Julius Havsteen, ásamt amtsráðsmönnum, sýslumanni Guðlaugi Guðmundssyni á Kirkjubæjar-klaustri (úr Vesturskaptafellssýslu), sjera Skúla Skúlasyni í Odda (úr Rangár-vallasýslu), sjera Magnúsi Helgasyni á Torfastöðum (úr Árnessýslu), er mætti sem varaamtsráðsmaður í stað sjera Valdimars prófasts Briems, sem hafði tjáð forföll sín, og prófasti sjera Guðmundi Helgasyni í Reykholti (úr Borgarfjarðar-